

1951 2011



Ársskýrsla 2010-2011

Björk, fimleikafélag

23. maí 2011

RioTintoAlcan
ISAL-STRAUMSVÍK



Aðalstjórn

Aðalfundur félagsins var haldinn 10. maí 2010 og voru kjörin í stjórn: Ingvar Kristinsson sem formaður, Dagrún Árnadóttir og Sigríður K. Hafþórsdóttir sem stjórnarmenn til 2ja ára. Fyrir í stjórn voru Andrés Andrésón og Hannes Pétursson. Í varastjórn var kjörin hún Anna María Valtýsdóttir. Í aðalstjórn sitja auk þess fulltrúar deilda, þeir hafa verið formenn deildanna þau Þór Ólafsson, Gauti Már Guðnason og Rakel Sigurgeirsdóttir. Anna María Valtýsdóttir fulltrú félagsins í ÍBH sat einnig fundi aðalstjórnar.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Andrés var varaformaður og Hannes ritari. Stjórnin hélt 12 bókaða fundi á tímabilinu að jafnaði einu sinni í mánuði.

Stjórnin ákvað fljótlega eftir að hún tók við að kalla alla þjálfara, starfsfólk og stjórnarliða saman í hópefli í lok ágúst. Var það gert og tókst nokkuð vel til undir styrkri stjórn Ingibjargar hjá Assa, fínar umræður og gott veganesti inni veturinn.

Eins og boðað hafði verið og kynnt á síðasta aðalfundi var Guðjón Guðmundsson ráðin sem framkvæmdastjóri félagsins. Hann tók strax til starfa við að undirbúa og skipuleggja starfið næsta vetur.

Mestur tími aðalstjórnar fer í að fylgjast með fjárhag félagsins og tryggja að endar nái saman í öllu skipulagi og stjórnun. Á árinu náðust mikilvægir áfangar í endurskipulagningu á fjárhag félagsins. Annarsvegar í ágúst með samningi við BYR um uppgjör á skuldum félagsins við BYR og hins vegar með samkomulagi við Frjálsa Lífeyrissjóðin um greiðslu á skuld, með aðstoð Hafnarfjarðarbæjar.

Á árinu hefur starfað fjáröflunarnefnd. Starf hennar hefur gengið mjög vel og hafa náðst samningar við fyrirtæki sem eru félaginu mikilvægir.

Starfsfólk

Á skrifstofu félagsins starfa þeir Hafsteinn Þórðarson sem sér um bókhald og fjármál félagsins Guðjón Guðmundsson sem framkvæmdastjóri félagsins og sér um ráðningu á öllum þjálfurum félagsins, skipulagi umsjón með allri starfsemi félagsins. Um tíma var félagið svo lánsamt að fá hana Gunnhildi Þórisdóttur til að vinna á skrifstofu félagsins við símsvörun, móttöku og önnur tilfallandi störf.

Fastráðnir starfsmenn félagsins í fullu eða hluta starfi á árinu 2010-2011 voru auk Guðjóns og Hafsteins þau:

Hlín Árnadóttir – yfirþjálfari fimleika stúlkna (100%)

Sjöfn Jónsdóttir - yfirþjálfari og verkefnisstjórn klifurdeild (100%)

Dzimitry Varonin – þjálfari fimleikum stúlkna (100%)

Natallia Varonina – þjálfari fimleikum stúlkna (100%)

Robert Bentia – þjálfari fimleikum stúlkna (100%) hætti um áramótin

Siarhei Hubski – þjálfari fimleikum stúlkna (100%)

Uladzimir Zaitsau – þjálfari fimleikum stráka (100%)

Hildur Ketilsdóttir – þjálfari fimleikum stúlkna (100%) frí fram til áramóta

Félagið leigði á tímabilinu 3 íbúðir, að Hellisgötu fyrir Uladzimir, að Arnarhrauni fyrir Siarhei og að Flatahrauni fyrir Dzimitry og Natallia.

Mikilvægasta verkefnið í allri stjórnun og skipulagi félagsins er nýting á þjálfarateymi félagsins. Röðun og skipulag hópa ræðu mestu um afkomu félagsins. Ef vel tekst til þá er reksturinn í fínu lagi, en getur

farið illa ef ekki er vandað til verka. Þetta er eilífðar verkefni og verið að vinna með margar breytur sem taka þarf tillit til.

Björk 60 ára

Fimleikafélagið Björk fagnar 60 ára afmæli sínu á þessu ári, en félagið var stofnað af 25 stúlkum 1. Júlí 1951 undir forystu Þorgerðar M. Gísladóttur. Félagið hefur dafnað vel síðan en það má eiginlega segja að saga þess sé enn sem komið er í fjörum köflum. Upphafið með fimleikaiðkun og frúarleikfimi. Þá næst körfuboltatímabilið sem státar af Íslandsmeistaratitli í 2.flokki kvenna. Fimleikatímabilið, þegar Björk á Íslandsmeistara og bikarmeistara í áhaldafimleikum kvenna nánast á hverju ári og loks tímabilið frá 2002 þegar félagið kemst í eigin aðstöðu og það verður fjölgreinafélag.

Iðkendur byrja mjög ungir í Björk, 3-5 ára og því miður hætt einnig mjög ungir 12-15 ára. Það er verkefni næstu ára að breyta þessu og bjóða uppá enn fjölbreyttara starf þannig að iðkendur vilji og geti verið lengur í félaginu við æfingar og keppni. Þannig mun takast að skapa enn meiri festu í starf félagsins á komandi árum.

Á haustdögum var skipuð afmælisnefnd til að undirbúa og skipuleggja afmælisárið. Í nefndinni eru Ingvar Kristinsson, Hafsteinn Þórðarson, Anna María Valtýsdóttir, Ólafur Sigvaldason, Gunnhildur G. Þórisdóttir og Þorgerður Halldórsdóttir. Nefndin kom sér mjög fljótt saman um hvað ætti að gera til að fagna afmælinu.

1. Afmælissýningar sem haldnar yrðu 21. Maí
2. Afmælisfagnaður sem haldin yrði 28. Maí
3. Afmælisdagur, með opnu húsi og kynningu á félaginu í ágúst við upphaf vetrarstarfs
4. Gefa út annál um starf félagsins á liðnum árum

Þær Steinunn Ketilsdóttir, Hildur Ketilsdóttir og Helga Svana Ólafsdóttir buðust til að taka að sér að undirbúa og skipuleggja sýningarnar. Gunnhildur hefur leitt hóp við að skipuleggja afmælisfagnaðinn og Hafsteinn hefur tekið að sér ritstjórn að afmælisannál.

Að tilefni afmælisins hefur verið ráðist í þó nokkrar fjáraflanir til að fjármagna endurnýjun á áhöldum fyrir félagið. Vel hefur tekist til og góðir sjóðir safnast sem nýtt verða í sumar og haust til kaupa og endurnýjunar á áhöldum og búnaði.

Starfið í félaginu hefur mótast mikið af þessum tímamótum í sögu félagsins, einkum þó frá áramótum.

Starfssemin

Í upphafi vetrara var ákveðið að hækka æfingagjöld um að meðaltali 8%. Meira hjá þeim sem æfa mest og minna hjá öðrum hópum. Fjölgun varð í öllum deildum félagsins á haustönn, en heldur hefur fækkað núna á vorönn.

Öll starfsemi félagsins var með hefðbundnu sniði. Félagið hélt áfram að leigja út aðstöðu félagsins fyrir afmæli og aðrar upptakomur. Heimasíða félagsins er áfram mikilvægur hlekkur í upplýsingamiðlun til foreldra og iðkenda. Ákveðið hefur verið að innleiða Menntor frá og með næsta hausti og verður unnið að undirbúningi að því í sumar.

Áfram er stefnt að því að Björk verði eitt félag með æfingar í Bjarkarmiðstöðinni. Það er þó nokkuð í að svo verði. Jafnframt er unnið að því að félagið taki yfir reksturinn á Bjarkarmiðstöðinni með sérstökum samningi þar að lútandi við Hafnarfjarðarbæ. Erindi hefur verið sent til bæjarins og einn fundur haldinn, en ekki komin niðurstaða.

Frístundabíllinn hefur sannað tilveru sína fyrir félag eins og Björk. Iðkendur félagsins eru duglegir að nýta sér bíllinn og er akstur hans mikilvæg forsenda þess að yngstu iðkendur félagsins geta nánast farið beint úr skóla á æfingar.

Í desember var valið íþróttafólk Björk á árinu 2010. Gauti Már Guðnason úr Taekwondodeild og Þórey Kristinsdóttir úr fimleikadeild voru valin Íþróttamaður og kona fimleikafélagsins Björk.

Íþróttamaður og kona fimleikadeildar eru Stefán Ingvarsson og Þórey Kristinsdóttir

Íþróttamaður og kona klifurdeildar eru Guðmundur Freyr Arnarson og Ríkey Magnúsdóttir

Íþróttamaður Taekwondodeildar Gauti Már Guðnason, ekki var valin íþróttakona TKD að þessu sinni.

Í heildina litið hefur starf félagsins gengið vel á árinu.



Fjármálin

Árið 2010 er besta rekstrarár félagsins í langan tíma. Rekstrarafkoman batnar um rúmar 10 mkr. Háar afskriftir skýrast af því að stjórnin tók ákvörðun um að afskrifa búnað og tæki sem ekki er talin nein verðmæti í lengur. Eins voru afskrifaðar útistandandi kröfur sem voru eldir en 18 mánaða.

Fjármagnskostnaður er loksins farin að lækka með lægri skuldum.

(Framlag Hafnarfjarðabæjar vegna íþróttahúsnaðis er ekki með í þessum tölum enda fer það inn og út)

	2006	2007	2008	2009	2010
Tekjur v/rekstrar	49.919.548	49.456.196	65.456.990	66.171.541	73.733.108
Laun og launat.gj.	41.170.309	50.876.721	59.721.173	55.576.004	52.546.518
Framlegð	8.749.239	-1.420.525	5.744.817	10.595.537	21.186.590
Annar rekstrar kostnaður	16.030.008	15.959.905	14.968.312	14.933.629	14.746.175
Afskriftir	599.811	599.811	721.568	1.656.185	7.454.629
Fjármagnskostnaður	3.841.852	3.445.211	6.253.496	6.243.127	4.251.205
Afkoma af rekstri	-11.722.432	-21.425.452	-16.198.559	-12.237.404	-5.265.419
Söluhagnaður eigna/óregl.tekj.	2.522.840	3.497.823	0	10.000.000	1.908.184
Hagnaður/Tap	-9.199.592	-17.927.629	-16.198.559	-2.237.404	3.357.235

Óreglulegar tekjur á árinu 2010 er fjáröflun sem farið var í á því ári til áhaldakaupa. Þær tekjur eru færðar hér þar sem þeim er ekki ætlað til rekstrar.

Enn á eftir að skila félaginu réttu megin við strikið. Ekki er hægt að búast við því að það takist alveg á þessu ári þar sem enn er eftir að afskrifa nokkuð af eignum, en 2012 ætti að vera árið sem félagið skilar hagnaði.

Með samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ sem gengið var frá í apríl sl. þá hefur bærinn keypt upp alla fyrirframgreidda húsaleigu félagsins. Sú leiga var bókuð á hærra verði en raunverulegt var, því mun koma til verulegra afskrifta á árinu 2011. Sú gjaldfærsla hefur ekki áhrif á sjóðsstöðu félagsins. Hún hefur batnað jafnt og þétt og er félagið nú í lok maí með allar greiðslur í skilum og gott betur því þegar er búið að greiða reikninga þó ekki sé komið að gjalddaga.

Að lokum

Erfið ár í rekstri félagsins eru að baki. Skuld félagsins við BYR er þó enn verkefni sem á eftir að klára. Það er ákaflega mikilvægt að reksturinn sé ávalt réttu megin við núllið. Það er ekki sjálfgefið að svo verði. Stöðugt aðhald og eftirfylgni þarf svo að það takist.

Á þessu ári er félagið aftur komið með landsliðsfólk í fimleikum. Mikilvægt er að félagið geti stutt við bakið á þessu fólki án þess að setja rekstur félagsins í uppnám.

Það eru spennandi tímar framundan hjá Björk. Mikil uppbygging er í öllum deildum félagsins. Við eigum meistara í öllum deildum hver í sínum aldursflokki. Framtíðin er björt.

Er öllum þeim sem komið hafa að starfi félagsins þakkað kærlega fyrir framlag þeirra. Margar hendur vinna létt verk og er vandséð hvernig íþróttafélag eins og Björk mundi ganga án allrar þeirra fórnfúsu vinnu sem margir leggja á sig fyrir félagið.